

lánsins, sem kynni að verða framyfir helminginn af söluverði hússins, einsog það yrði á- 118
kveðið með löglegri virðingargjörð. 22. okt.

Konunglegt leyfisbrjef (ad mandatum) til ættleiðingar. — Með brjefi þessu er 119
forstöðumanni prestaskólans í Reykjavík, lector theologiæ Sigurði Melsted, og konu hans 22. okt.
frú Ástríði Melsted, leyft að ættleiða stúlkuna Ragnheiði, dóttur fyrrum prests að Kálfholti,
sjera Stefáns Thordersen, og konu hans frú Sigríðar Thordersen, þannig að nefnd stúlka
skuli í öllu tilliti álitast sem ættleiðendanna eigið barn, og bera ættarnafnið Melsted.

(Gefið út af landshöfðingjanum)

Skýrsla

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 1. og 2. dag ágústm. 1884. 120

Ár 1884, 1. ágúst var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur
á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Júlíus Havsteen, með amtsráðsmönnum
Einari umbodsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umbodsmanni Blöndal í Hvammi.

Í tilefni af amtsráðskosningum þeim, sem voru nýafstaðnar, skýrði forseti frá
því, að að vísu hefðu eigi verið svo margir á sýslunefndarfundum í Suður- og Norður-
þingeyjarsýslu, er kosið var í amtsráðið, og gjört er ráð fyrir í 34. gr. sveitarstjórnar-
tilskipunarinnar, en sýslunefndarmenn þeir, sem á fundi voru, höfðu samt ráðið af
að kjósa.

Þótt nú sje svo að orði komizt í nefndri lagagrein, að þegar gjöra skuli ein-
hverja *ályktun*, þá útheimtist til þessa, að við sje staddur meiri hluti nefndarinnar, þá
getur þetta eigi náð til amtsráðskosninga, því kosning til amtsráðs er eigi nein ályktun
sýslunefndar í heild sinni, heldur kys hver nefndarmaður útaf fyrir sig og er atkvæði
hans innfært í gjörðabókina, enda er svo fyrir mælt í 46. gr. sveitarstjórnartilsk., að
sjerhver sýslunefndarmaður, *sem á fundi er*, greiði atkvæði. Amtsráðið ályktaði því, að
hinar framfögnu kosningar væru lögmetar.

Mál þau, er til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Forseti skýrði frá, að nú væri komið til tals, að gjöra ráðstöfun um kennslu dauf-
dumbs drengs nokkurs, Pjeturs Bjarnasonar, sem framfærast af sveitarfje og á sveit
í Þverárhrepp í Húnavatnssýslu. Samkvæmt því, sem amtsráðið áður hafði álitíð,
sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 31. maí og 1. júní 1883 (Stjórnartíðindi 1883,
B, bls. 90) og skýrslur um fund þess 24. okt. 1883 (Stjórnartíðindi 1884, B, bls.
52), ályktaði ráðið, að koma skyldi dreng þessum til kennslu hjá sjera Páli Páls-
syni á Þingmúla, þegar hann væri búinn að ná lögboðnum aldri. Auk þess, sem
það er í alla staði heppilegra, að heyrnar- og málleysingar fái kennslu á íslenzku
hjer á landi, en í Danmörku, er kennslutíminn hjá sjera Páli eigi nema 5 til 6 ár,
en í Kaupmannahöfn er hann allt að því 8 ár, og er meðgjöfin hjer um bil hin
sama, í Kaupmannahöfn hjer um bil 280 kr. á ári, en hjá sjera Páli 300 kr., en
af því er nokkur von um að landssjóður greiði hin eiginlegu kennslulaun (40
kr. árlega), samkvæmt brjefi landshöfðingja 17. maí 1884 (Stjórnartíðindi, B, bls.
103), sem var framlagt.
2. Sýslumennirnir í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu hafa hvor um sig beðið um
samþykki amtsráðsins til þess að mega jafna niður til sýslusjóðs 20 aurum á hvert
lausafjár- og fasteignarhundrað. Orsökinn til þess, að þurfa skuli að leggja svo hátt

120

gjald til sýslusjóðs á gjaldþegna, er talin sú, að búnaðarskólastofnunin á Eyðum útheimti talsvert tillag úr hvorum sýslusjóðnum, sem sje 1290 kr. Amtsráðið fær samt ekki betur sjeð af skýrslum þeim, sem fyrir liggja, en að komast mætti af með minna, þar sem áætlaðar tekjur skólans eru meiri, en stjórnarnefnd hans ætla; þannig er gjört ráð fyrir, að allt að því 10 námspiltar verði á skólanum næsta skólaár, og að hver gefi með sjer 60 kr, og yrði þetta alls 600 kr. Í annan stað er eigi talið búnaðarskólagjaldið úr sýslunum fyrir árið 1884, 250 kr. 78 a., og að endingu er tiltala sýslnanna úr búnaðarskólasjóðnum um 3000 kr., en eigi 2000 kr., en sýslunefndirnar hafa farið þess á leit að fá þessa tiltölu útborgaða og umráð yfir búnaðarskólagjaldinu eptirleiðis, og hefir forseti ráðsins mælt með þessari beiðni við landshöfðingja. Samkvæmt þessu verður tillagið til skólans úr sýslusjóðnum talsvert minna, og gjaldið til sýslusjóðanna að því skapi minna. Amtsráðið vill samt eptir kringumstæðunum samþykkja þessa niðurfjöfnun, en skorar jafnframt á nefndirnar, sjer í lagi á nefndina í Suðurmúlasýslu, að gjöra áætlanir sínar um tekjur og gjöld sýslusjóðsins svo nákvæmar, sem unnt er, til þess gjaldið komi sem jafnast niður, og gjaldþegnum eigi verði íþyngt um ofeinstök ár, en þess skal getið, að engu sýslusjóðsgjaldi er jafnað niður í Suðurmúlasýslu árið 1882.

3. Amtsráðsmaður Einar Ásmundsson, sem ráðið hafði falið, að yfirlita frumvarp til reglugjörðar fyrir búnaðarskólann á Eyðum og segja álit sitt um það, ljet nú uppi álit sitt og fjellst amtsráðið á það og afreði að afgreiða frumvarpið til landshöfðingja með þeim tillögum, að hann staðfesti frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

Í 2. gr. ganga úr orðin: „og Austurskaptafellssýsla“, þar sem eigi getur orðið úr því, að þetta sýslufjelag taki þátt í skólastofnuninni á Eyðum.

Í stað 3. gr. komi, með skírskotun til sveitarstjórnartilsk. 52 gr. 4, svolátandi grein: „Skólinn stendur undir yfrumsjón amtráðsins í norður- og austuramtinu og skal stjórn skólans senda ráðinu árlegan reikning yfir tekjur og gjöld hans“.

Forseti gat þess, að hann hefði mælt með þeirri beiðni Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu að fá útborgaða í þarfir búnaðarskólans á Eyðum óeydda vexti af sjóði þeim, sem stofnaður er handa mönnum, sem bíða tjón af jarðeldi á Íslandi; sömuleiðis hafði forseti lagt það til, að nefndirnar í tjeðum sýslum fengi útborgaðar sínar tiltölur úr búnaðarskólasjóðnum og umráð yfir búnaðarskólagjaldinu eptirleiðis.

4. Forseti framlagði reikninga yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum frá upphafi og til vordaga 1883; ráðið yfirlát reikninga þessa og gat ekkert að þeim fundið.
5. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 24. júní þ. á., þar sem hann sækir um 400 kr. styrk úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins handa búnaðarskólanum á Hólum. Amtsráðið veitti skólanum 200 króna styrk.
6. Framlögð var bænarskrá frá Sigfúsi Thorlacius á Núpufelli, þar sem hann fyrir hönd sonar síns Jóns, sem nú dvelur á annað ár í Noregi við búfræðisnám með 600 kr. styrk á ári, sækir um 200 kr. styrk úr búnaðarsjóði eða einhverjum öðrum opinberum sjóði, þar sem hann eigi getur lokið námi sínu fyr en seint í septbr., en þá er óvist, að hann geti fengið far hingað til landsins og líkindi til, að hann verði að dvelja í Noregi vetrarlangt til næsta vors. Amtsráðið gat eigi veitt þann styrk, sem sótt var um eða meðmæli sín til þess, að hann væri veittur úr landssjóði.
7. Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu hefir farið þess á leit, að amtsráðið breyti úrskurði sínum, lögðum á reikning yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir árið 1882, en

eptir þeim úrskurði átti skuld sjóðsins til næsta árs (1883) að vera 132 kr. 85 a. en eigi 134 kr. 92 a. Byggir sýslumaður þessa beiðni sína á því, að það sje misritun í 21. fylgiskjalinu við reikninginn (kvittun Ísaks sýslunefndarmanns Jónssonar fyrir mót á tveimur nefndarfundum), að tjeður sýslunefndarmaður hafi komið heim til sín af fundi 11. septbr., en átti að vera 12. septbr.

Amtsráðið ályktaði að taka þessa beiðni sýslumannsins til greina og verður þá skuld sjóðsins við árslok 1882 134 kr. 85 a.

8. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins 1883, ásamt með fylgiskjölum; var reikningurinn endurskoðaður og ekkert að honum fundið, og hann því samþykktur af amtsráðinu.
9. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1883 yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða, sem standa undir yfirumsjón amtsráðsins.
 1. Búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins.
 2. Búnaðarskólasjóðs norður- og austuramtsins.
 3. Jökulsárbrúarsjóðsins.
 4. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar kaupstað.
 5. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhrepp, og
 6. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.

Þessir reikningar voru endurskoðaðir og ekkert að þeim fundið; samt athugaði ráðið við síðastnefndan reikning til leiðbeiningar eptirleiðis, að styrknotararnir skuli eptir erfðaskrá Pjeturs Þorsteinssonar (Lovsamling for Island, bls. 35) vera úr Vallaneskirkjusókn, en annar þeirra, sem styrkinn hefur fengið samkvæmt reikningnum, á heima á Skjögrastöðum í Hallormsstaðasókn, sem að vísu að mestu leyti er partur af Vallaneshreppi.

Að því er snertir Jökulsárbrúarsjóðsreikninginn gat forseti þess, að hann gæti eigi enn lagt fram reikninginn yfir kostnaðinn við nýju brúna, sem nú er gjörð á Jökulsá, þar reikningur væri eigi enn fram kominn um kostnað við að setja vírnet á brúna, sem yrði gjört nú í sumar. Ráðið ályktaði að fela sýslunefndinni í Norðurmúlasýslu umsjón brúarinnar eptirleiðis og ef eitthvað kynni að verða eptir í brúarsjóðnum, þá skyldi það galdið í sýsluvegasjóð nefndrar sýslu.

10. Forseti framlagði bænarskrá frá búnaðarfjelagi Vopnfirðinga um styrk af því fje, sem ætlað var til eflingar búnaði á árinu 1883. Bænarskráin var dagsett 20. nóvber. f. á., en komst eigi til forseta fyr en 20. maí p. á. Með bænarskránni fylgdi skýrsla um unnar jarðabætur á árinu 1883 og veitti ráðið fjelaginu 50 kr. styrk úr búnaðarsjóði amtsins, sem það fje til eflingar búnaði, er eigi kom til útbýtingar á fundi amtráðsins 24. oktbr. 1883, hefir runnið í samkvæmt brjefi landshöfðingja 31. desbr. 1883, til þess amtsráðið úthlutaði því milli búnaðarfjelaga, sem seinna kynnu að senda bónarbrjef um styrk og skýrslur til ráðsins um unnar jarðabætur.
11. Framlagt var brjef landshöfðingja, dagsett 1. marz. 1884, þar sem hann skorar á amtsráðið að láta uppi í tíma tillögur sínar um styrkveitingar til búnaðarfjelaga eða búnaðarskóla eða þá til annara búnaðarfyrirtækja af því fje, sem tiltekið er í fjárlögnum 18⁸⁴/₈₅, 10. gr. C. 4. Forseti gat þess, að hann í tilefni af þessu hefði látið prenta í Fróða auglýsing um reglar þær, er amtsráðið mundi fylgja við tillögur sínar um útbýting fjárins til búnaðarfjelaga, og eru þessar reglur samstæðar þeim, sem ráðið hefir áður fylgt.

Amtsráðið ljet í ljós, að það byggist við, að umdæminu hlotnuðust 4000 kr.

120

á þessu ári af fjárveiting þessari, eins og að undanfögnu, og að búnaðarfjelög fái allt að því 2000 kr. af nefndri upphæð. Með þessu fyrir augum ályktaði ráðið að fela amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni að rannsaka og meta skýrslur þær um unnar jarðabætur, er skyldu fylgja bænarskrám búnaðarfjelaganna um styrk af þessu fje, þegar þær væru innkomnar, til þess upphæð þess styrks, er hverju fjelagi bæri, yrði tiltekin þar eptir. Af hinum 2000 krónunum vill amtsráðið leggja það til að búnaðarskólanum á Hólum veitist 1100 kr. og búnaðarskólanum á Eyðum 540 kr., þegar reikningar væru komnir um tekjur og gjöld þessara skóla fyrir skólaárið 18³⁴/₈₄.

Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 18. apríl þ. á. og þar með fylgjandi útdrætti úr gjörðabókum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, viðvíkjandi því, að tjeðar sýslunefndir hafi veitt Gísla Ólafssyni alls 240 kr. styrk úr sýslusjóðunum til þess að fullkomna sig í búfræði annaðhvort í Noregi eða Skotlandi, og mæla nefndirnar mjög með því, að beiðandanum veitist ennfremur 600 kr. styrkur úr landsjóði til sama augnamiðs. Amtsráðið vill mæla með því, að Gísla Ólafssyni veitist í viðbót 360 kr. af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði.

Ennfremur tók ráðið til umræðu tvær bænarskrár um styrk til búfræðisnáms erlendis, aðra frá Hermannni Jónassyni, sem tekið hefir próf við búnaðarskólann á Hólum, og hina frá Jóni Hallgrímssyni. Amtsráðið gat eigi mælt fram með þessum bænarskrám.

12. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefir í brjefi 15. apríl þ. á. farið þess á leit, að amtsráðið borgi reikning, að upphæð 68 kr., sem er kostnaður við skoðun á hentugu stæði handa brúnni á Skjálfandafljóti, sem sýslumaðurinn í umbodi sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu hafði látið fram fara áður en lögin 27. febr. 1880, um brúargjörð á Skjálfandafljóti, komu út. Amtsráðið þóttist eigi hafa myndugleika til að borga þessa upphæð af því fje, sem ætlað er til brúargjörðarinnar, en álitur, að sýslumaðurinn verði að snúa sjer til sýslunefndarinnar með þessa kröfu.
13. Forseti framlagði álit hlutadeigandi umboðsmanns, sýslunefndar og hreppsnefndar um afgjald eptirleiðis af Skriðuklaustursjörðunum Klausturseli og Fossgerði, sem höfðu skemmt við öskufallið 1875, og ljét amtsráðið samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja í brjefum 28. oktr. 1880 og 25. apríl 1884 uppi svolátandi álit sitt um leigumálann á þjóðjörðum þessum eptirleiðis.

Eptirgjaldið af Klausturseli var áður en askan fjell 60 ál. landskuld og 20 ál. leigur eptir kúgildi; jörðin er nú sem stendur byggð fyrir þetta afgjald frá fardögum 1883. Það er nú sameiginlegt álit umboðsmanns, sýslunefndar og hreppsnefndar, að hæfilegt sje, að jörðin við næstu ábúendaskipti verði byggð fyrir 50 ál. landskuld og 20 ál. leigu, og á þetta fellst amtsráðið.

Afgjaldið af Fossgerði var áður en askan fjell 50 ál. landskuld og 10 ál. leiga eptir $\frac{1}{4}$ kúgildi, en nú er jörðin byggð fyrir 30 ál. landskuld og 10 ál. leigu frá fardögum 1883, þar til jörðin yrði metin til herra afgjalds af óvilhöllum mönnum; það er álit umboðsmanns, sýslunefndar og hreppsnefndar, að hæfilegur leigumáli á jörðu þessari sje 40 ál. landskuld og 10 ál. leiga; amtsráðið samþykkti þetta.

Þriðja þjóðjörðin í Jökuldals- og Hlíðarhrepp, sem skemmdist við öskufallið, Brattagerði, er enn eigi í því ástandi, að nokkrar tillögur verði gjörðar um leigumálann eptirleiðis.

14. Framlagður var reikningur hins svonefnda brúarsjóðs Skagafjarðarsýslu fyrir árin 1877—1880 og 1881—1883, sem sýslumaður hafði sent hingað samkvæmt úrskurði amtsráðsins á sýsluvegasjóðsreikningnum fyrir 1883 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 7. jan. 1884, Stjórnartíðindi. B. bls. 97). Amtsráðið yfirfór þenna reikning og er

eptir honum eign sjóðsins við árslok 246 kr. 51 e., sem sje útistandandi 116 kr. 120
4 a. og í peningum 130 kr. 47 a.

15. Forseti skýrði frá, að hann hefði samþykkt, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu tæki 2000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að afstýra hallæri og bæta úr bjargarskortri manna. Landshöfðingi hefir síðan í brjefi 20. marz 1884 skýrt amtinu frá, að hann hafi veitt sýslunni 1000 kr. lán og 1000 kr. gefins af samskotafjenu.

Ennfremur skýrði forseti frá, að hann hefði samþykkt, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu mætti taka 1400 kr. hallærislán handa Þorkelshóls, Kirkjuhva mms og Staðar hreppum.

16. Brjef landshöfðingja 2. febr. 1884 var framlagt, þar sem hann tilkynnir amtinu, að hann samþykki að Húnavatnssýslu verði útborgaður sinn hluti af búnaðarskólasjóðnum og fengin í hendur umráð yfir búnaðarskólagjaldi sínu eptirleiðis, þegar sýslunefndin taki skýlausa ályktun um að ganga í fjelag við Skagafjarðarsýslu um búnaðarskólalald. Hvað Eyjafjarðarsýslu snertir, vildi landshöfðingi aptur á móti að sinni eigi samþykkja, að hún fengi sinn hluta af nefndu fje til umráða, þar sem hann yrði að vera amtsráðinu samdóma um, að það væri heppilegra, að hún gengi í samband við Þingeyjarsýslu um skólalald, og væri eigi útkljáð enn, nema þetta gæti orðið. Þetta brjef hafði forseti tilkynnt hlutaðeigandi sýslunefndum og skýrði hann frá, að hann hefði í júní gjalddaga útborgað Húnavatnssýslu hennar hluta af búnaðarskólasjóðnum.

17. Landshöfðinginn hefir í brjefi, dagsettu 10. marz þ. á., veitt 3300 kr., til þess að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpostleiðunum (fjárnögin 18⁸⁴/85, 10. gr. C. 5. b.), og skorar landshöfðingi á amtsráðið að láta uppi tillögur sínar um, hvernig þessum styrk skuli skipt og býst hann við, að tillögum ráðsins fylgi skýrslur um, hve mikið fje sje lagt til hinna umspurðu vegagjörða úr sýsluvegasjóðnum. Þessar skýrslur hafði forseti heimtað af sýslumönnum og voru þær framlagðar; samkvæmt þeim lagði amtsráðið til, að styrknum yrði úthlutað á þessa leið:

Suðurmúlasýsla	1000 kr.
Norðurmúlasýsla	400 —
Suðurþingeyjarsýsla	300 —
Eyjafjarðarsýsla	800 —
Skagafjarðarsýsla	170 —
Húnavatnssýsla	630 —
	<hr/> 3300 kr.

18. Amtsráðið tók aptur til umráðu (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 24. oktbr. 1883, Stjórnartíðindi 1884, B. bls. 54) kæru hreppsnefndarinnar í Svalbarðshrepp í Norð-urþingeyjarsýslu yfir úrskurði sýslunefndarinnar þar, 5. apríl 1883, sem fellir úr gildi úrskurð hreppsnefndarinnar á kæru Einars Einarssonar á Hafursstöðum yfir útsvari því, sem honum var gjört haustið 1882, og leggur hreppsnefndinni fyrir að úrskurða í þessu kærumáli, að efninu til, en hreppsnefndin hafði með úrskurði sínum 8. desbr. 1882 vísað kæru Einars frá, af því hún hefði komið of seint til oddvita hreppsnefndarinnar, sbr. lög 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi; var nú framlögð hin eptiræskta yfirlýsing hreppsnefndaroddivitans um það, hvern mánaðardag kæra Einars hafi komið til hans, og á þetta að hafa skeð sunnudaginn þann 3. desbr. 1882, en niðurföfnunarskráin hafði verið lögð fram til sýnis eða niðurföfnuninni lokið 5. nóvbr. Með því nú amtsráðið verður að vera á þeirri skoðun, að sá dagur, er niðurföfnunarskrá er fram

120

lögð eða niðurjöfnun lokið, eigi verði talinn með, þegar kveða skuli á um það, hvort útsvarskæra sje komin fram innan þess frests, sem tiltekinn er í lögum 9. jan. 1880, þá ályktar það, að kæra Einars Einarssonar hafi verið komin til hreppsnefndaroddivitans í tæka tíð, og hefir sýslunefndin því eigi farið fram úr því sem hún hefir vald til, þá er hún úrskurðaði, að hreppsnefndin skyldi úrskurða kæru Einars að efninu til; skyldi því úrskurður sýslunefndarinnar í þessu máli standa óhaggaður.

19. Frá bæjarstjórninni á Akureyri var komið svar uppá brjef amtsráðsins 1883, þar sem ráðið (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 4. jan. 1884. Stjórnartíðindi 1884. B. bls. 91.) tilkynnir bæjarstjórninni þá ályktun ráðsins, að kaupa suðurstofuna í fangelsinu handa amtsbókasafninu fyrir 1000 kr., sem borgist með 100 kr. á ári hverju, þannig að 1. afborgun bíði 2 eða 3 ár. Bæjarstjórnin er fús til að ganga að þessum kjörum, en ætlast til og álitur sanngjarnt, að jafnaðarsjóðurinn borgi hæfilega leigu fyrir stofuna frá því, er ráðið fær hana til afnota og þangað til fyrsta afborgun á sjer stað. Amtsráðið stendur við boð sitt, en vill enga leigu gjalda eptir stofuna, enda virðist það eigi ofheimtað af Akureyrar kaupstað, sem hefir meira gagn af bókasafninu en aðrir partar amtsins, að hann sýni bókasafninu nokkra ívilnun og styðji að því, að safnið sje sem bezt geymt og því komið í það lag, að það verði sem aðgengilegast fyrir almenning. Amtsráðið hefir veitt bókasafninu 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, eins og að undanförmu.

Fundi frestað til næsta dags.

(Framh.)

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu (sbr. Stj.tíð. 1884, B. 30) um að verja 400 kr.—til að fullgjöra og ljúka við þrautalendinguna í Varaósi í Garði og 230 kr. til að kaupa fyrir og setja upp ljósker til leiðbeiningar sjófarendum á opnum skipum á þeim stöðum í sýslunni, sem nákvæmar yrðu ákveðnir af sýslunefndinni.

16 gr.

Fornleifafjelaginu veittur 300 kr. styrkur fyrir árið 1884.

EMBÆTTISSKIPUN.

21. október veitti landshöfðingi prestri að Stóruvöllum, sjera Jónasi Jónassyni Grundarþinga prestakall í Eyjafjarðar prófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

KOSNINGAR TIL AMTSRÁÐANNA.

Í suðuramtinu var 1. júlí 1884 endurkosinn amtsráðsmaður fyrir næstu 6 ár prófastur sjera Skúli Gíslason á Breiðabólstað (með 31 atkv.), en varaamtsráðsmaður varð sjera Ísleifur Gíslason í Arnarbæli með 23 atkvæðum, í stað sjera Jóns Jónssonar á Hofi (áður á Mosfelli í Grímsnesi).

Í norður- og austuramtinu var 16. júlí 1884 kosinn amtsráðsmaður Benedikt umboðsmaður Blöndal í Hvammi með 35 atkv., í stað sjera Arnljóts Ólafssonar á Bægisá, en varaamtsráðsmaður varð cand. phil. Páll Vigfússon á Hallormsstað með 28 atkvæðum, í stað prófests sjera Davíðs Guðmundssonar á Hofi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Stóruvellir í Rangárvalla prófastsdæmi (Stóruvalla, Skarðs- og Klofa sóknir). Tillag úr landssjóði 300 kr. Auk þess hefur brauð þetta verið bætt upp með 200 kr. á ári á yfirstandandi fjárhagstímabili. Metið auk uppbótarinnar 710 kr. 47 a. Auglýst 21. október 1884.